

Tillögur stjórnar Regins hf.

2. Ársreikningur

Stjórn Regins hf. leggur til að ársreikningur fyrir árið 2013 verði samþykktur.

3. Arður

Stjórn Regins hf. leggur til að ekki verði greiddur arður á árinu 2014, en vísar að öðru leyti til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum félagsins á árinu. Hagnaður verður fluttur til næsta árs.

4. Starfskjarastefna

Lagt er til að fyrirbyggjandi starfskjarastefna sem samþykkt var af stjórn félagsins 25. febrúar 2014 verði samþykkt.

5. Tillaga stjórnar um heimild til kaupa á eigin bréfum

Ekki er gerð tillaga um breytingu á fyrirbyggjandi heimild um kaup á eigin bréfum sbr. ákvörðun hluthafafundar 4. desember 2012.

6. Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins

Stjórn félagsins leggur ekki til breytingar á samþykktum félagsins.

7. Kosning stjórnar félagsins

Framboðsfrestur til stjórnar félagsins rennur út fimm dögum fyrir aðalfund eða fimmtudaginn 3. apríl nk. kl. 16:00. Liggja endanleg framboð því ekki enn fyrir. Núverandi stjórnarformaður Elín Jónsdóttir mun ekki gefa kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu í félaginu. Tilkynna skal skriflega um framboð til stjórnar. Í tilkynningu skal, auk nafns frambjóðanda, kennitölu og heimilisfang, gefa upplýsingar um aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu og hlutafjáreign í félaginu. Þá skal einnig upplýsa um hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins, sem og hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu.

Endanlegar upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar félagsins verða birtar eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfundinn, sbr. 63. gr. a. hlutafélagalaga nr. 2/1995.

8. Kosning endurskoðenda

Stjórn Regins hf. leggur til, að KPMG hf. verði endurkjörð sem endurskoðenda félagfélagsins til næsta aðalfundar.

9. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna.

Tillaga: Þóknun hvers stjórnarmanns verði 250.000 kr. á mánuði og þóknun formanns stjórnar verði tvöföld þóknun stjórnarmanns. Varamönnum skulu greiddar 125.000 kr. fyrir hvern setinn fund, þó ekki hærra en 250.000 kr. fyrir hvern mánuð. Þóknun fyrir setu í undirnefndum stjórnar skal vera 50.000 kr. fyrir hvern setinn fund.

10. Önnur mál